

R.04.03.1991.

Alþingi

Erindi nr. Þ/13, 798

komudagur 4/3 1991

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis

UMSÖGN UM "FRUMVARP TIL LAGA UM FJÁRFESTINGAR ERLENDRA AÐILA Í ATVINNUREKSTRI, 320. MÁL OG FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LAGAÁKVÆÐUM ER VARÐA FJÁRFESTINGU ERLENDRA AÐILA Í ATVINNUREKSTRI O.FL., 321.MÁL"

Almennt.

Stjórn BSRB telur jákvætt að tekið sé á þeirri óvissu og ruglingi, sem nú ríkir skv. íslenskum lögum um fjárfestingar erlendra aðila í íslensku efnahagslífi, en eins og kemur fram í 3. kafla greinargerðar frumvarpsins þá eru "gildandi ákvæði um heimildir erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi ... mjög ósamstæð að efni til".

Þá tekur stjórn BSRB undir sjónarmið nefndarinnar í greinargerð er segir í 6.kafla: "Nefndin telur að með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, sé stigið mikilvægt skref í þá átt að erlent áhættufé geti í ríkari mæli komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnrekstrar hér á landi."

Almennt má segja að straumur fjárfestinga landa á milli fer vaxandi og gildir þar einu um fjárfestingar íslenskra fyrirtækja erlendis sem erlendra fyrirtækja hérlendis. Nauðsyn ber að hafa stjórn á hvernig straumur þessi fer fram og að reglur um hann séu fastmótaðar.

Því telur stjórn BSRB að frumvarp þetta sé tímabært og í rökréttu samhengi við þá þróun sem á sér stað í alþjóðlegu efnahagslífi.

Fyrirvarar og áherslur.

Þó vafalaust megi taka undir með greinargerð frumvarpsins, að samþykkt þess muni ekki valda straumhvörfum um fjárfestingar erlendra aðila hérlendis í þeirri merkingu að þar verði skyndilega mikil aukning á, þá er rétt að leggja áherslu á mikilvægi þeirra laga, sem erlendum aðilum er gert að starfa samkvæmt.

Í fyrsta lagi vill stjórn BSRB leggja áherslu á að þess verði alltaf gætt að erlendum aðilum beri skilyrðislaust að fara eftir lögum, reglum og hefðum íslensks vinnumarkaðar. Kjarasamningar íslenskra stéttarfélaganna verði eftir sem áður gildandi, svo og allar reglur um aðbúnað, hollustuhætti, vinnuvernd og þess háttar.

Í öðru lagi vekur stjórn BSRB athygli á því að reynslan svo og auðlegð Íslendinga í orku, mun væntanlega leiða til þess að áhugi orkufrekra fyrirtækja aukist á fjárfestingum hérlendis. Því er afar mikilvægt að stóráttak verði gert í að herða öll lög og reglur er varða umhverfisvernd hér á landi, svo og að efla þær stofnanir er eiga að hafa eftirlit með mengunarmálum.

Í þriðja lagi er rétt að vekja athygli á því að með auknum erlendum fjárfestingum má leiða líkur að því að þátttaka erlendra stórfyrirtækja muni hlutfallslega aukast í íslensku efnahagslífi. Því hlýtur að vera tímabært að setja fastsmótaðar reglur um rétt starfsfólks til þátttöku í stjórnnum slíkar fyrirtækja. Vill stjórn BSRB minna á umræður í Evrópubandalaginu um svo nefnt Evrópufyrirtæki í því sambandi.

Þessum 3 atriðum til áréttingar leyfum við okkur að senda "Afstöðu verkalyðshreyfingarinnar til félagsmála EB" með umsögn þessari. Þó frumvarpið fjalli ekki beinlínis um hið evrópska efnahagssvæði, þá kemur fram í afstöðu verkalyðshreyfingarinnar til félagsmála EB ýmislegt, sem á erindi inn í umræðuna um það frumvarp, sem hér er til umfjöllunar.

Um einstök efnisatriði frumvarpsins.

um 4.gr.tl 1 - 3.

Um leið og stjórn BSRB tekur undir þau sjónarmið, er fram koma í frumvarpi þessu, að takmarka eigi eignaraðild erlendra aðila að fiskveiðum, vinnslu sjávarafurða og virkjunarrétti, þá telur hún rétt að vekja athygli á vandamálum er kunna að koma upp í tengslum við þessi mál. Þetta tengist reyndar fiskveiðistefnu Íslendinga og verður vart leyst nema á þeim vettvangi.

Hér er átt við þau vandamál er koma upp ef erlendir aðilar fara í vaxandi mæli að nýta sér rétt sinn til fjárfestinga í íslenskum félögum, til hlutabréfakaupa á íslenskum hlutabréfamarkaði. Hvernig á að fara með rétt fyrirtækja til fjárfestinga í sjávarútvegsfyrirtækjum, ef erlendir aðilar eiga x% af hlutabréfum viðkomandi fyrirtækis? Hvernig á eftirliti með þeim reglum að vera háttáð? Og hvað ef erlendir aðili kaupir hlutabréf í fyrirtæki, sem á hlutabréf í t.d. íslensku útgerðarfyrirtæki? Er fyrirtækið þar með nauðbeygt til að selja þau hlutabréf sín? Og enn: Hvernig á eftirliti með þessu að vera háttáð?

s

um 4.gr. tl.4.

Rétt er að vekja athygli á því að 49% takmörkun á eignarétti er ein sér ekki nægjanleg til að tryggja yfirráð innlendra aðila á viðkomandi rekstri. Ef eignaraðildin er dreifð á margar hendur getur eignaraðild langt innan við 50% nægt til að hafa full


yfirráð yfir rekstri viðkomandi fyrirtækis.

Að lokum

vill stjórn BSRB áréttta þau atriði, sem upp eru talin hér fyrir
framan undir fyrirsögninni "fyrirvarar og áherslur".

Reykjavík 4.mars 1991

f.h. stjórnar BSRB



Ögmundur Jónasson
formaður BSRB